

Kæri nemandi, velkominn í MH. - sent 1. desember

Þetta er sambærilegur póstur og búið er að senda á þig fyrr í dag, en núna er hann sendur í gegnum Innu og þá fá aðstandendur líka póstinn.

Við erum búin að innrita þig í MH og þar með hefur þú samþykkt skólavist í MH frá og með vorönn 2024. Umsókn þín um skólavist hefur fengið stöðuna „samþykkt“. Staða þín í Innu er „Biðlisti 3“ þar til við breytum því í „Innritaður“ í lok desember og verður það staðan alla fyrstu önnina þína í MH.

Nám sem þú hefur tekið í öðrum skólum verður metið eins og hægt er miðað við okkar áfanga í MH og nám sem þú ert í núna verður metið eftir að einkunnir liggja fyrir um miðjan mánuðinn. Endilega sendu okkur póst eða komdu í heimsókn ef það eru einhverjar spurningar sem brenna á þér. Á næstu dögum munu námstjórar fara í það að meta áfanga sem þú hefur nú þegar lokið og getur þú fylgst með því í Innu. Á heimasíðunni er listi yfir áfanga sem eru í boði á vorönn 2024 og þér er velkomnið að skoða hann og láta okkur vita ef þú vilt sérstaklega koma einhverju á framfæri.

Nánari upplýsingar um greiðslu skólagjalda og byrjun næstu annar færðu í pósti síðar í mánuðinum. Upplýsingar koma einnig inn á heimasíðu skólans þegar nær dregur. Gangi þér sem best í prófunum (ef þú ert í þeim sporum) og sjáumst 3. janúar kl. 13:00 á kynningarfundi nýnema vorannar 2024, eða fyrr ef þú vilt kíkja við.

Kv Helga Jóhannsdóttir, konrektor

e.s. Ef þú kemur úr MR þá þarftu að senda okkur einkunnirnar þínar í tölvupósti á konrektor@mh.is, þar sem þær birtast ekki í Innu.